



HARPA

Aðalfundur 27.04.16

Harpa tónlistar- og
ráðstefnuhús ohf.



Ávarp stjórnarformanns

Segja má að í Hörpu slái hjarta menningar á Íslandi. Harpa er listaverk og kennileiti, áfangastaður, heimili og stolt landsmanna. Fimm ára afmæli hússins nálgast og á þeim tímamótum er vert að hugsa með þakklæti til allra þeirra fjölmörgu sem gerðu opnun þess að veruleika og sömuleiðis til þeirra sem tóku við húsinu fyrir hönd landsmanna og borgarbúa. Starfsmenn og stjórnendur Hörpu hafa sinnt verkefnum sínum af einstakri alúð og starfsemin eflist ár hvert. Í húsinu voru haldnir 1148 viðburðir eða ríflega þrír hvern dag ársins 2015. Fjöldi heimsóknna í húsið var um 1,7 milljónir og nýting sala heldur áfram að aukast.

Þrátt fyrir þetta ríkti fullkomin óvissa í rekstri Hörpu á árinu 2015 vegna sligandi fasteignagjalda og málaferla í tengslum við þau. Til þess að gefa innsýn í stærðarhlutföll fasteignagjalda hússins þá námu álögð fasteignagjöld um 35–40% tekna starfseminnar síðastliðin ár eða sem svarar heildartekjum af starfseminni frá 1. janúar og inn í maí hvers árs.

Niðurstaða Héraðsdóms í fasteignamáli Hörpu var birt 12. maí 2015 og var dómurinn óhagstæður Hörpu. Stjórnin ákvað að áfrýja til Hæstaréttar og var Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmaður fenginn til að reka málið. Dómur Hæstaréttar var kynntur 25. febrúar 2016, þar kom fram „...að ekki yrði fram hjá því litið að tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa væri að stærstum hluta leigt út, auk þess sem gengið væri út frá því að hálfu eigenda að tekjur af leigu og aðstöðu í húsinu ætti að standa undir rekstarkostnaði þess.“ Ógiltur var úrskurður yfirfasteignamatsefnar frá 30. maí 2012 um fasteignamat Hörpu og á þeim forsendum þarf að endurreikna fasteignagjöld frá árinu 2011 til og með ársins 2015. Niðurstaðan markar enda á fjögurra ára baráttu og gjörbreytir dómurinn forsendum rekstrar Hörpu.

Í ársreikningi kemur fram að rekstrartap (EBIDTA) ársins 2015 var tæplega kr. 113 milljónir, að teknu tilliti til dóms Hæstaréttar, en var um kr. 381 milljón árið 2014. Þannig batnar reksturinn um kr. 268 milljónir á milli ára. Þetta skýrist að miklu leyti af leiðréttingu fasteignagjalda en auk þess hækkuðu tekjur af starfseminni töluvert umfram kostnað.

Horfur í rekstri Hörpu næstu árin teljast jákvæðar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi tekjuaukningu, ekki síst vegna tækifæra í tengslum við ráðstefnuhótel og sívaxandi fjölda ferðamanna. Á sama tíma hafa stjórnendur og starfsmenn unnið markvisst við að skerpa verkferla og vinnulag sem miðar að gagnsæi, réttri verðlagningu og aðhaldi í rekstri, minnkun sóunar og aukningu gæða.

Stefnt er að sjálfbærni í rekstri Hörpu og innan nokkurra ára ætti það markmið að nást. Ljóst er að Harpa hefur ofgreitt fasteignagjöld sem nemur hundruðum milljóna króna. Á móti kemur að húsið er gríðarlega ásetið eins og fram hefur komið og því þarf að huga vel að viðhaldi og fjárfestingum á næstu árum. Óvissa í rekstri hefur haldið nokkuð aftur af viðhaldsverkefnum og fjárfestingum að undanförunu og má segja að til staðar sé uppsöfnuð þörf. Farið verður markvisst í viðhalds- og fjárfestingaverkefni á næstu árum.

Starfsemi Hörpu miðast við stefnu og framtíðarsýn með áherslu á nokkra lykilþætti, m.a. að Harpa sé alþjóðlegt kennileiti og hún verði:

- Harpa er listaverk sem nærir mannsandann, hún er glæsileg og praktísk í senn.
- Þekkt alþjóðlega sem eitt af bestu tónlistarhúsum heims og óumdeildur vettvangur fyrir blómlegt tónlistarlíf í landinu.
- Meðal eftirsóttustu staða í Norður-Evrópu fyrir meðalstórar alþjóðlegar ráðstefnur.
- Vinsæll viðkomustaður erlendra ferðamanna sem kaupa þjónustu eða aðgang að viðburðum og upplifa þar menningu og einstakt menningarhús.
- Hús allra landsmanna og þjóðarstolt Íslendinga sem njóta þeirrar menningar og lífsgæða sem hún hefur upp á að bjóða.

Í framtíðarsýn Hörpu er gert ráð fyrir að rekstur Hörpu verði sjálfbær og gefi auk þess svigrúm til viðhalds og stöðugrar endurnýjunar húss og tækjakosts, þar starfi fyrsta flokks starfsfólk sem líður vel í vinnunni og veitir notendum hússins framúrskarandi þjónustu.

Umsjón Hörpu er í höndum stjórnenda og starfsmanna og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka þeim fyrir vel unnin störf. Á grundvelli baráttugleði, fagmennsku, alúðar, metnaðar og samstillts átaks ykkar allra þá sjáum við fram á bjarta framtíð Hörpu um ókomin ár.

Guðfinna S. Bjarnadóttir,
stjórnarformaður.



Ávarp forstjóra

„Menn búa í húsum, hús búa í mönnum, og hús og menn farast hjá“, þannig orti skáldið Sigfús Daðason forðum. Það er hlutverk okkar sem eigendur hafa falið umsjón þessa glæsilega húss að reyna að sjá til þess að Harpa og almenningur – hinir raunverulegu eigendur hússins – farist ekki hjá, að Harpa nýtist vel í sínu þríeina hlutverki, sem tónleikahús, ráðstefnusetur og miðstöð mannlífs og ferðamennsku, að fólk komi þangað gjarnan og með gleði að sækja sér upplýftingu, afþreyingu eða fróðleik. Og til þess þurfum við sem vinnum hér að læra að láta húsið búa í okkur, láta okkur þykja vænt um það og skynja möguleika þess og víddir. Þrátt fyrir mikla og stundum þrúgandi rekstraróvissu var síðasta ár gott hér í Hörpu, heimsóknir hafa aldrei verið fleiri, nýtingin aldrei betri. Fyrst af öllu er til að taka að byggingu hússins var lokið þegar þrír salir hér á norðausturhlíð þess, um 200 fermetrar hver, voru teknir í notkun á árinu. Upphaflega hugmyndin um að þeir myndu hýsa stóra náttúrusýningu rættist að vísu ekki en salirnir hafa þegar sannað gildi sitt, bæði sem falleg fundarými, hentugur vettvangur sýninga og reyndar líka sem æfingarými fyrir Íslensku óperuna. Við bætist að vandfundin er í bænum fallegri sýn á fjall okkar Reykvíkinga, Esjuna.

Á síðasta ári voru haldnar ellefu alþjóðlegar ráðstefnur í Hörpu og yfir þrjú hundruð annars konar fundir og veislur en tónleikafjöldinn var slíkur að við lá að tvennir tónleikar færu fram hér á hverjum degi ársins. Nýting sala verður æ betri og fer nærri því að Eldborgar-salurinn til dæmis sé fullnýttur yfir vetrartímann, en meðaltalsnýting helstu sala, miðað við eina útleigu á dag, er yfir 70%. Eigin tekjur Hörpu á síðasta ári jukust um rösk 10% miðað við árið áður og að þessu sinni hækkuðu gjöld ekki jafn mikið, þannig að afkoman af rekstrinum sjálfum batnaði um tæpar 40 milljónir að teknu tilliti til varúðarniðurfærslna. Þau áhrif eru þó lítil í samanburði við áhrifin sem væntanleg breyting á fasteignagjöldum mun hafa, eins og við sjáum þegar við lítum á ársreikning samstæðunnar sem hér liggur frammi: væntanlegra breytinga á fasteignagjöldum sér að hluta stað í honum, þar sem ráðgjafar okkar hjá KPMG og endurskoðendur okkar PWC reiknuðu hvorir um sig út tekjuvirði Hörpu samkvæmt birtri aðferðafræði þjóðskrár fyrir 2015, en engin áætlun var gerð fyrir 2011–2014. Ekki er heldur gert ráð fyrir neinum endurgreiðslum; ef svo fer sem horfir ætti afkoman því að verða talsvert betri en sést á þessum reikningi, en um upphæðina verður ekki fullyrt með neinni vissu. Afkoman af rekstri Hörpu sjálfrar, fyrir fyrningar og fjármagnsliði, EBITDA, skv. núverandi færslum batnar mikið, fer úr 381 milljóna tapi árið 2014 í tæpra 113 milljóna tap árið 2015. Fari svo sem horfir í kjölfar Hæstaréttardóms tekur reksturinn því stórt skref í þá átt að geta staðið undir sér. Sem fyrr eru síðan miklar afskriftir og svo hækka verðbætur vegna skuldabréfsins verulega vegna breytinga á vísitölu (sem ekki hefur bein áhrif á afkomuna) og reikningslegt tap er 442 milljónir. Áritun endurskoðenda er engu að síður fyrirvaralaus og án ábendingar og staðan er allt önnur en hún var fyrir ári síðan. En auðvitað eru blikur á lofti. Það er ljóst að viðhaldskostnaður fer hækkanði og hlýtur raunar að vera óhjákvæmilegt í svo stóru og mikið nýttu húsi. Ennfremur falla sérstök framlög eigenda til rekstrar


niður eftir þetta ár og munar sannarlega um þau. Á móti kemur að við höfum bent eigendum á um nokkurt skeið að því fer fjarri að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé að borga leigu í samræmi við kostnað hússins og þarf að halda þeim viðræðum áfram. Ennfremur stefnum við að því að stórauka tekjur af ferðamönnum sem koma hér í húsið. Miklu fleira verður á dagskrá fyrir ferðamenn í sumar en síðastliðið ár, þar á meðal daglegir hádegistónleikar í Eldborg sem við erum viss um að margur ferðalangurinn vill nýta sér. Sé horft til lengri tíma má heldur ekki gleyma því að nú eru framkvæmdir við hótelið við hliðina á Hörpu hafnar og það á eftir að vera mikil lyftistöng alþjóðlegu ráðstefnuhaldi í húsinu. Ég leyfi mér því að vera bjartsýnn, innan marka raunsæisins, um framtíðar rekstrarhorfur hússins. Glegnum í því sambandi ekki þeim stóru hindrunum sem við höfum þurft að kljást við. Stærst var afrek forvera minna að ljúka við byggingu hússins og opna það, og rétt að minna á það afrek nú á fimm ára afmæli Hörpu. Eftir eitt ár í rekstri var yfirdráttur hússins hins vegar kominn upp í þúsund milljónir. Endurfjármögnunin dróst von úr viti en hafðist þó. Ennfremur tókst að verjast kæru til Eftirlitsstofnunar Evrópu um ráðstefnureksturinn í húsinu, sem hefði getað orðið okkur mjög erfiður biti. Og síðan gleypstu fasteignagjöldin 40% af eigin tekjum hússins, en nú stefnir allt í mikla lækkun þeirra og tilheyrandi endurgreiðslu. Við erum ennþá úti miðri á, það er engin ástæða til að neita því, en það glittir í grösugan bakkann hinum megin.

Það skiptir miklu að Harpa geti haldið áfram að styðja við tónlistar-hátíðir með einhverjum hætti og efnt til eigin viðburða af því tagi sem aðrir geta ekki staðið fyrir. Í fyrra vakti til dæmis koma Lundúna-fílharmoníunnar, sem þrjátíu árum fyrr hafði haldið fjáröflunartónleika til styrktar tónlistarhúsi í Reykjavík, mikla athygli og tónleikar hennar og Daniil Trifonov voru tilnefndir til íslensku tónlistarverðlaunanna sem sígildur viðburður ársins. Og eftir mánuð kemur hingað Helgi Tómasson, einn merkasti núlifandi listamaður Íslendinga, með San Francisco ballettinn sinn. Þar rætast draumar beggja, Helga um að sýna þjóð sinni brot af því besta sem hann hefur gert í fallegasta sal landsins, og okkar um að geta boðið þjóðinni uppá sannkallaða heimslust. Glegnum því ekki, í öllu tali um tölur, að bygging Hörpu var draumur ótal íslenskra tónlistarmanna áratugum saman og hún verður ávallt að gæta þess að vera vettvangur þeirra og valkostur. Einungis þannig geta hús búið í mönnum og menn búið í húsum – án þess að farast hjá.


Að lokum þakka ég stjórn, starfsfólki en ekki síður öllu því fólki sem vinnur að verkefnum sínum hér í Hörpu fyrir frábært samstarf á síðasta ári.

Halldór Guðmundsson,
forstjóri.

Tekjur Hörpu frá opnun (m.kr.)



Nýting sala 2015




Skattaspor


Harpa skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti. Skattaspor samanstendur af þeim sköttum og gjöldum sem myndast við verðmætasköpun Hörpu og er skilað til ríkis og sveitarfélaga.

Skattaspor Hörpu er 271 milljónir króna á árinu 2015. Áætlað er í þessum tölum umfang fasteignagjalda í fjarveru nýrra útreikninga Þjóðskrár eftir niðurstöðu Hæstaréttar í máli tengt fasteigna-gjöldum Hörpu. Skattaspor fyrir þá lækkun hefði numið 513 milljónum króna.


Gjaldfærðir og innheimtir skattar 2015




Skattaspor Hörpu 2015 (m.kr.)




Virðisaukaskattur 2015 (m.kr.)




Heimsóknir á harpa.is




Kynjaskipting starfsmanna



Heimsóknir í hús




Skráningar í Hörpusveitina




Tripadvisor — Certificate of Excellence!

2. sæti — Things to do in Reykjavík



Skipting fjölda viðburða í Hörpu 2015

Samtals 1.148 viðburðir





MAÍ 2011
**Opnunartónleikar
Hörpu**

OKTÓBER 2011

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin í Hörpu í fyrsta sinn

MARS 2012

Eve Fanfest ráðstefnan í Hörpu í fyrsta sinn

APRÍL 2012

Barnamenningarhátíð í Hörpu í fyrsta sinn

ÁGÚST 2012

Stórsveit Reykjavíkur verður íbúi Hörpu

FEBRÚAR 2013

Sónar tónlistarhátíðin í Hörpu í fyrsta sinn



OKTÓBER 2013
**Arctic Circle ráðstefnan
í Hörpu í fyrsta sinn**

DESEMBER 2013

Opnun Háalofts

ÁGÚST 2014

Pong á hjúpi Hörpu á Menningarnótt

SEPTEMBER 2014

Opnun Smurstöðvarinnar



ÁGÚST 2015
**Of Monsters and Men
leika í Hörpu**

OKTÓBER 2015

Norðurlandaráðsþing í Hörpu

FEBRÚAR 2016

Harpa vinnur fasteignagjaldamál

2011

2012

2013

2014

2015

2016

MAÍ 2011

Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

ÁGÚST 2011

Harpa vígð og glerhjúpur tendraður



NÓVEMBER 2011

**Björk með Biophilia
í Hörpu**

JÚNÍ 2012

Reykjavík Midsummer Music hefur göngu sína í Hörpu

NÓVEMBER 2012

Berliner Philharmoniker leikur í Eldborg

DESEMBER 2012

Öll félög tengd húsinu sameinuð í Hörpu ohf.

JÚNÍ 2013

Harpa hlýtur Mies van der Rohe verðlaunin

ÁGÚST 2013

Opnun Björtulofta



MARS 2014

**Ragnheiður
frumsýnd í Hörpu**

SEPTEMBER 2014

Expo skálinn fær varanlegt aðsetur í Hörpu

SEPTEMBER 2014

Styttan „Tónlistarmaðurinn“ flutt á Hörputorg

OKTÓBER 2015

Philharmonia Orchestra sækir Hörpu heim

DESEMBER 2015

Menningarbrú milli Hörpu og Hofs

MARS 2016

6 milljónasti gestur Hörpu

MARS 2016

Opnun norðausturhliðar Hörpu